



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Eignaskrifstofa

Svar við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um leigueignir fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Á fundi borgarráðs, þann. 10. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

„Svar við fyrirspurn Flokks fólksins um leigueignir fyrir fólk með alþjóðlega vernd og viðhald eignanna var lagt fram á fundi borgarráðs 10. febrúar sl. Fram kemur í svari að meginreglan sé sú að leigusali annast á sinn kostnað meiriháttar viðhald og leigutaki minniháttar viðhald. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort skilin milli minni og meiriháttar viðhalds séu skýr og skilgreind og óskar eftir að fá að sjá þá skilgreiningu. Einnig hvort upp hafi komið deilumál aðila um hvers ábyrgð viðgerð/viðhald sé? Ef svo er óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir upplýsingum um fjölda og hvernig málum hefur lyktað?“

Svar:

Skilin milli minniháttar- og meiriháttar viðhalds samningsaðila má finna í IV. kafla húsaleiguleigulaga nr. 36/1994. Sjá nánar hér <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1994036.html>

Hvað varðar ábyrgð samningsaðila um viðgerðir og viðhalda á leiguhúsnæði er venjan að skoða hvert tilvik fyrir sig. Ekki hafa komið upp deilumál vegna viðhalds milli leigusala og Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Eignaskrifstofa